

Nd.

91. Frumvarp

til laga um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 43, 10. nóv. 1905.

Flutningsm.: Jón Jónsson.

1. gr.

48. gr. laganna orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið 3 kr. fyrir hvern fullan tug hreppsbúa. Þó mega laun hans eigi nema meiru en 190 kr. og ekki minnu en 60 kr.

2. gr.

76. gr. laganna orðist þannig:

Hver sýslunefndarmaður fær í fæðispeninga og ferðakostnað úr sýslusjóði 6 kr. hvern dag, frá því er hann fer að heiman á sýslufund til þess er hann kemur heim aftur.

3. gr.

Laun hreppsnefndaroddvita um fardagaárið 1917—18 skulu reiknuð að öllu leyti samkvæmt ákvæðum 1. gr.

Greinargerð.

Laun hreppsnefndaroddvita eru nú altof lág. Störf þeirra aukast. Öll vinna og kostnaður eykst. Oddvitastörf þarf að fela völdum mönnum. Má borgunin því eigi vera óhæfilega lítil. — Alveg sama er að segja um sýslunefndarmenn og borgun til þeirra. — Borgun fyrir störf þessara manna eru hjer hækkuð um þriðjung, og er það síst of mikið í samanburði við annað.